



Kveðjusamsöngur á flugvelli

Karلاكór Reykjavíkur lagði af stað í söng-förina til Norðurlanda í fyrrakvöld. Var flogið héðan kl. 7.30 með Gullfaxa til Kaupmannahafnar og komið þangað eftir 5½ klukkustund. Við brottförina á Reykjavíkurflugvelli mætti Karلاكórinn Fóstbræður. Hreinn Pálsson, formaður kórsins, flutti stutt ávarp og árnaði Karلاكór Reykjavíkur fararheilla, en síðan sungu Fóstbræður kveðjulag. Sveinn Björnsson, formaður Karلاكórs Reykjavíkur, þakkaði fyrir hönd kórfélaganna, sem síðan sungu eitt lag, Ísland eftir söngstjóran Sigurð Þórðarson. — Í förinni eru alls 56, söngmenn og konur nokkurra þeirra. (Pétur Thomsen tók myndina á flugvellinum).

Grettisbeltið hálftrar aldar

Keppt um það í 46. skipti á Íslands-glímumni í íþróttahúsi ÍBR í kvöld

Á þessu ári eru liðin 50 ár frá því keppt var um Grettisbeltið í fyrsta skipti, en í kvöld verður keppt í 46. sinn um þessi æðstu verðlaun glímumanna á Íslandsglímumni í íþróttahúsinu að Hálogalandi.

Keppt var um Grettisbeltið fyrsta sinni 20. ágúst 1906 á Akureyri og vann Ólafur Valdimarsson það þá. Síðan hefur verið glímt um beltið á hverju ári, að undanskildum stríðsárunum 1914–1918. Auk Ólafs hafa þessir glímumenn unnið Grettisbeltið: Jóhannes Jósefsson, Guðmundur Stefánsson, Sigurjón Pétursson, Tryggvi Gunnarsson, Hermann Jónasson, Sigurður Greipsson, Þorgeir Jónsson, Sigurður Gr. Thorarensen, Lárus Salómonsson, Skúli Þorleifsson, Ingimundur Guðmundsson, Kjartan Bergmann Guðjónsson, Kristmundur J. Sigurðsson, Guðmundur Ágústsson, Guðmundur Guðmundsson, Rúnar Guðmundsson, og Ármann J. Lárússon, núverandi handhafi. Sextán þessara beltishafa hefur verið boðið að vera við glímuna í kvöld, einn er dáinn, Sigurjón Pétursson, en búsettur erlendis er Guðmundur Stefánsson. Munu beltishafarnir verða heiðraðir af ÍSÍ að lokinni Íslandsglímumni.

Þátttakendur í 46. Íslandsglímumni í kvöld eru 12, þar af 8 úr Ungmennafélagi Reykjavíkur: Ármann J. Lárússon,

Ókeypis skólavist í Noregi boðin

Eins og að undanfögnu stendur ungum mönnum, ef þeir vilja sinna, til boða ókeypis skólavist í Noregi, á hausti komanda, og frá næstu áramótum.

Um þessa skóla er að ræða: Bændaskólann í Geirmundarnesi í Rómsdal, Bændaskólann á Tveit á Rogalandi, Bændaskólann að Steini á Hörðalandi og Búnaðar- og garðyrkuskólann í Aurlandi í Sogni.

Umsóknir um skólavist sendist formanni félags Ísland-Noregur, Árna G. Eylands, Sóleyjargötu 35, Reykjavík, er gefur uppl.

Ingi R. efstur á Skákþinginu

Eftir 11 umferðir á Skákþingi Íslendinga er Ingi R. Jóhannsson orðinn efstur með 7½ vinning, og á hann 2 skákir ótefildar. Næstur er Freysteinn með 7 vinninga; hann á tvær skákir ótefildar og biðskák, Baldur Möller hefur 7 vinninga, og á 2 skákir ótefildar, getur þannig oltið á ýmsu áður en lokið er.

Tólfra umferð á Skákþinginu verður teft í Sjómannaskólanum í kvöld.

Berlínarbörn Loftleiða

Fyrri hópurinn kemur hingað 27. þ.m.

Fyrri hópur Vestur-Berlínarbarnanna 14 sem Loftleiðir bjóða hingað kemur 27. þ.m. og verða það 7 börn.

Nánari upplýsingar en frá var sagt nýlega eru nú fyrir hendi. Yngsta barnið er 11 ára gamalt, en hið elzta 16 ára, eitt er 12 ára, þrjú 13 ára, fimm 14 ára og tvö 15 ára gömul. Sjö búa í barnaheimilum, fjögur komu

Íslendingur hlaut gullverðlaun á alþjóðlegri listiðnaðarsýningu

Íslenska deildin á handiðnaðarsýningunni í München vakti mikla athygli

Dagana 27. apríl til 10. maí s.l. var hin árlega handiðnaðarsýning haldin í München í Þýskalandi og tóku Íslendingar nú þátt í henni í annað sinn. Vakti íslenska deildin yfirleitt mikla athygli og einn Íslendinganna sem muni áttu á sýningunni, frú Ásgerður Ester Búadóttir, hlaut sérstaka viðurkenningu, gullmerki og heiðurs skjöl, frá ríkisstjórn Bæjarlands fyrir handið veggklæði.

Formaður félagsins „Íslenzkar listiðnar“, Lúdvíg Guðmundsson, skýrði blaðamönnum og fleiri gestum frá þessu í gær og afhenti þá frú Ásgerði hin veglegu sæmdarmerki. Fórust Lúdvíg orð eitthvað á þessa leið:

Tuttugu íslenzkir sýnendur

Handiðnaðarsýningin í München er ein hinna 5 miklu, árlegu vörusýninga, sem haldnar eru í Þýskalandi. Að þessu sinni tóku nálega 30 lönd utan Þýskalands þátt í listiðnaðarsýningunni (en auk listiðnaðar nær München-sýningin til margra annarra greina handiðna) og voru sýningargestir rúmlega 250 þúsund.

Félagið Íslenzk listiðnaðar sá um þátttöku af hálfu Íslands í sýningunni og naut til þess nokkurs stuðnings þess opinbera. Á sl. ári, er Íslendingar tóku í fyrsta sinn þátt í sýningunni, voru íslenzku þátttakendurnir alls 7, en nú voru þeir 20. Sýnendur voru þessir:

Silfur- og gullsmíði: Frú Ásdis

Thoróddsen, Steinþór & Jóhannar, Árne B. Björnsson (smíðisgripir eftir Guðm. heit. Guðnason), Óskar Gíslason, Skartgripaverzlun Jóns Sigmundssonar (smíðisgripir eftir Jóhannes Jóhannesson), Gunnar Bernharð, Kjartan Ásmundsson; ennfremur nokkrir smíðisgripir eftir Baldvin heit. Björnsson og Torfhildi Dalhoff.

Smelt vinna: Frú Sigrún Gunnlaugsdóttir, Skartgripav. Jóns Sigmundssonar (gripir unnir af Jóh. Jóhannessyni).

Myndvefnaður: Frú Ásgerður Ester Búadóttir, frú Vigdís Kristjánsdóttir.



Frú Ásgerður Ester Búadóttir er ættuð frá Borgarnesi. Hún gekk ung í Handiðnað- og myndlistarskólann og stundaði þar myndlistarnám í þrjú ár. Að því loknu var hún við framhaldsnám um þriggja ára skeið í listaháskólanum í Kaupmannahöfn. Eftir að hún kom heim frá námi hefur hún jöfnum höndum stundað húsmóðurstörf ofið fögur klæði og haft með höndum stundakennslu í teiknun við Handiðaskólann.

Batik-vinna: Frú Sigrún Jónsdóttir.

Húsgagnasmíði: Almenna húsgagnavinnustofan (skv. teikningu Sveins Kjarval húsgagnarkitekts. Teikning í messingplötu eftir frú Barböru Árnason).

Handunnar ullarvoðir: Júlíanna Sveinsdóttir listmálari, Guðrún Jónasdóttir.

Þrjónles: Frú „Íslenzkum heimilsiðnaði“.

Ásaumur: Frú Barbara Árnason (veggfjald og „skermur“).

Trémynd: Jón Benediktsson.

Þjóðminjasafnið: Nokkrir gamlir smíðisgripir úr silfri o.fl. — Á sýningunni voru einnig nokkrar stórar ljósmyndir frá Íslandi eftir Þorstein Jósefsson blaðamann. Ennfremur var prentuð grein á þýzku um ísl. Framhald á 10. síðu

Eflum kosningasjóðinn

Þrátt fyrir mörg góð framlög sem kosningasjóðnum hafa borizt að undanfögnu og við þökkum fyrir þá er það svo að okkur skortir peninga — sífellt meiri peninga. Dýrtíðin er orðin það skefjalaus að ekkert er hægt að gera svo ekki leiki strax á stórum upphæðum. Alþýðubandalagið þarf til dæmis mikið að leita til útvarpsins með auglýsingar en hvert orð sem þar kemur kostar 5 kr. Þetta er aðeins nefnt sem dæmi en svona er það á öllum sviðum. Ekkert er hægt að hreyfa sig — ekkert hægt að gera nema miklir peningar komi til. Á þessu er ekki til nema ein lausn, og hún er sú að fólkið sjálft, allur sá fjöldi er styður Alþýðubandalagið og veit hversu þýðingarmikið það er að sigra í þessum kosningum, leggi þessa peninga fram, hver eftir sinni getu. Þess sjást nú víða merki að fylkingar andstæðinganna eru að bila. Sigurmöguleikarnir eru í okkar eigin höndum.

Komið sem fyrst með framlög ykkar í kosningasjóðinn. Takið söfnmargögn.

Gott starf gefur sigur.

Fjársöfnunarstjórnin.

Hvert framlag í kosningasjóðinn eykur sigurmöguleika Alþýðubandalagsins

Sósíaldemókratar og kommúnistar

Framhald af 7. síðu

m. k. smám saman, einkum starfsemi andvígura hópa sósíalista, og að vinna á sitt band í frjálsri samvinnu þá, sem voru fúsir að vinna í þágu hins nýja Rússlands, en öfúsir til allra andbyltingartilrauna. Meinsendin gróf um sig, þegar bolsévíkarnir ákváðu að stefna ekki einu sinni með varúð í þessa átt, heldur að setja flokk sinn yfir sovétin og að láta lýðræðið í flokknum vikja fyrir „eintrjáningslegu“ („monolithic“) eftirliti þröngs hóps leiðtoga og bjuggu þannig í hagin fyrir Stalín, þegar hann tók sér einræðisvöld með því að hafa alla stjórn á flokksvélinni.

★ Margt var óhjákvæmilegt.

Þessi stefna, sem var röng í grundvallaratriðum, var leidd af kenningum Leníns sjálfs. Lenín, sem beindi öllum huga sínum að byltingunni sjálfri fremur en að því, hvað við myndi taka, var upphafsmaður hugmyndarinnar um flokkseinaræðið, enda þótt honum verði ekki kennt um misbeitingu þess, eftir að Stalín hófst til áhrifa. Lenín hafði að minnsta kosti trú á frjálsum umræðum innan flokksins, þar til ákvörðun hafði verið tekin — en ekki á því, að stefnan væri neydd að ofan upp á flokkinn, sem síðan átti að neyða hana upp á alla aðra. Ég er andvígur hugmyndum bæði Leníns og Stalíns um einræði. En hér er verulegur munur á. Margt af því, sem Lenín lagði áherzlu á, var óhjákvæmilegt í stjórld og borgarastríði: það sem Stalín og helztu samherjar hans — sem var útrýmt mörgum hverjum síðar — ætluðu sér að gera var rangt, við hvaða skilyrði sem er.

★ Mikil fyrirheit.

Það er þess vegna að ég tel að hin nýlega afneitun „stalinismans“ feli í sér miklu meira en afneitun „manndýrkunarinnar“ og álít, að hún muni, hvort sem upphafsmenn hennar óska þess eða ekki, leiða í átt til lýðræðis bæði innan kommúnistaflokksins og innan skamms á miklu stærra vettvangi. Ég er samt ekki þeirrar skoðunar, að þetta hljóti óhjákvæmilega að leiða til þess, að komið verði á fót þingræðisstjórn eftir vestrænni fyrirmynd. Ég álít ekki, að þing séu endilega betri en sovét, eða öfugt. Það eru hugsanlegar fleiri en ein tegund lýðræðislegrar stjórnar, og það fer eftir sögulegri þróun og hefð hverrar þjóðar, hvaða skipulag hentar henni best. En sérhverft kerfi, sem menn gætu unað við, verður samt að uppfylla viss skilyrði.

Það verður að leyfa mikið svigrúm fyrir framsetningu ólíkra skoðana, innan takmarka sem hljóta að vera í sérhverju þjóðfélagi og eru misjöfn við misjafnar aðstæður: það verður að heimila mönnum að bindast samtökum til að vinna slíkum skoðunum fylgi, innan svipaðra takmarka; og þessu frelsi verður að fylgja persónulegt öryggi gegn gerræðislegum fangelsunum og útrýmingu þeirra, sem boða hinar ýmsu skoðanir. Að þessu leyti er það rétt og satt, að „án frelsis getur enginn sósíalismi verið til,“ eða öllu heldur enginn sósíalismi, sem réttlætalegt sé að keppa að, þó að þengri takmörk hljóti að verða sett, þegar stýrjöld geisar, hvort sem er milli ríkja eða innan lands, eða stríðshætta vofir yfir, heldur en þegar

friður ríkir og öryggið er ekki í bráðri hættu.

★ Tími kominn fyrir vinsamlegar viðræður.

Eins og nú horfir við, fagna ég því ekki aðeins, að leiðtogar Sovétríkjanna og annarra landa kommúnista hafa viðurkennt að nokkru gamlar misgerðir, en trúi því einnig, að sósíaldemókratar verði að búa sig undir að rétta þeim mönnum vinarhönd, sem þeir eiga margt sameiginlegt með, þrátt fyrir allan ágreining. Ég er ekki að gefa í skyn, að tími sé kominn fyrir „kominform“-kommúnista og sósíaldemókrata að jafna með sér allan ágreining; en ég er þeirrar skoðunar, (1) að tími sé kominn fyrir vinsamlegar viðræður milli flokkanna í Alþjóðasambandi sósíaldemókrata og samtaka eins og kommúnista Júgóslavíu og sósíaldemókrata

Nennis og andstæðinga heimsvaldastefnunnar í Asíu og Afríku og (2) að tími sé líka kominn fyrir sósíaldemókrata-flokkana sjálfa að skoða hug sinn í fullri alvöru og bera upp við sjálfa sig þá spurningu, hvort þeir leggi sig fram af alefli við að koma á sósíalisma í sínum eigin löndum, og ef svarið er neikvætt, hver sé þá ástæðan.

Ég er þeirrar skoðunar að tími sé kominn fyrir einstaka félaga í flokkum sósíaldemókrata og kommúnista að byrja að ræðast við, í fullri alvöru og án alls hnútukasts, um öll þau atriði, sem þá greinir á um, í þeirri von að þeim megi takast, jafnvel þótt á því verði bið, að skapa á þeim grundvelli, sem þeir koma sér saman um, einingu í verkalyðshreyfingu heimsins í baráttunni gegn auðvaldi, heimsvaldastefnu og afturhaldi. Að lokum þetta: Hvíllik fávizka að halda að sósíalisminn verði byggður upp í heiminum af sósíalistum (að kommúnistum meðtöldum), sem eyða meiri tíma og orku í að kasta hnútum hver í annan en í að berjast gegn sameiginlegum óvini!

Þjóðvörn vill refsar fyrir ...

Framhald af 12. síðu.

Ólafur Björnsson, Þorbjörn Jóhannsson, Einar Thoroddsen, Guðrún Pétursdóttir, Guðbjartur Ólafsson.

Fulltrúar minnihlutaflokkanna greiddu alir atkvæði gegn því að vísa tillögu Þórðar frá, — nema fultrúi Þjóðvarnarflokksins, Bárður Danielsson, hann sat hjá.

Refsitillaga Þjóðvarnar

Menn héldu að Bárður myndi láta sitja við það, en undir næsta dagskrárlið spratt hann upp og flutti tillögu um að veita lóðarréttindi þeim mönnum sem ínhaldið hefur leyft að byggja þarna, en synja hinum! Átti þannig að refsar þeim mönnum er þarna höfðu neyðst til að byggja skýli í óleyfi, vegna algerra húsnæðisvandráða.

Alfred Gíslason spratt þá á fætur og kvað þessa tillögu ótaka. Fólkið hefði byggt þarna á óskipulögðu landi út úr neyð. Það væri sök bæjarins að fólkið hefði neyðst til að byggja þarna. Það yrði að leysa vandamál þess, en það mæti ekki gera það á þann hátt að það verkaði sem refsing.

Bærinn á að skipuleggja hverfið

Ingi R. Helgason talaði næstur. Lýsti hann undrun yfir tillögu Bárðar. Sagði Ingi að Blesugrófarbyggðin væri eitt átakanlegasta dæmið um húsnæðisleysið og afleiðingar vanrækslu bæjarstjórnarmeirihlutans í húsnæðismálunum. Fólkið hefði neyðst til að byggja þarna, lengi vel í óleyfi, en upp á síðkastið hefði bæjarstjórnarmeirihlutinn vísað nokkrum mönnum þannig á réttindalausar lóðir.

Það á ekki að draga þetta fólk í dírka og veita sumum réttindi en öðrum ekki. Það á ekki að refsar þessu fólki. Bæjarstjórnarmeirihlutinn á sökina með því að hafa ekki skipulagt byggingaframkvæmdir.

Bærinn þarf að skipuleggja þetta hverfi og verði þá tekið tillit til þess sem

Í þróttir

Framhald af 9. síðu

Herm. Stefánsson Á. 2:08,5
Jón Gíslason UMSE 2:08,7

400 m. hlaup:

Þórir Þorsteinsson Á. 51,1
Sigurður Gíslason KR 53,7
Rafn Sigurðsson UIA 53,9

Stangarstökk:

Valbjörn Þorláksson ÍR 4,25
Heiðar Georgsson ÍR 3,80
Einar Frímansson KR 3,20

Spjótkast:

Björgvin Hólm ÍR 53,88
Sigurður Pálsson KR 48,15
Skúli Thorarensen ÍR 39,15

3000 m. hlaup:

Sigurður Guðnason ÍR 9:16,2
Hafst. Sveinsson KR 9:16,8
Sveinn Jónsson UMSE 9:38,8

Aukakeppni síðari dag.

Kúluvarp:

Skúli Thorarensen ÍR 15,33
Guðm. Hermannsson KR 15,24
Andrés Bjarnason Á. 13,75
Friðrik Guðmundsson KR 13,53

þegar hefur verið byggð sagði Ingi.

Þórður Björnsson stóð næst á fætur og sagðist ætla að — fylgja tillögu Bárðar Daniels-sonar! —

Borgarstjórnin kom þá Bárði til hjálpar og lagði til að vísa tillögunni til bæjarráðs, og samþykkti íhaldið það með sínum 8 atkvæðum gegn atkvæðum Bárðar og Þórðar.

Münchensýningin

Framh. af 3. síðu

listiðnað eftir Lúdvíg Guðmundsson skólastjóra.

Íslenzka deildin vakti mikla athygli

— Íslenzka listiðnaðardeildin vakti yfirleitt mikla athygli og hlaut hina beztu dóma almennings og kunnáttumanna fyrir listrænt og vandað handbragð. Allan sýningartímann var jafnan mikil aðsókn að deildinni. Stjórn Íslendingafélagsins í München hafði umsjón með sýningardeildinni fyrir hönd „Íslenzkrar listiðnar“. Skiptust félagsmenn á um að hafa vörzlu á sýningunni og leiðbeina gestum og fræða þá. Er fél. „Íslenzk listið“ mjög þakklátt þessum löndum okkar fyrir hið mikla og góða starf, sem þeir þar lögðu af mörkum. Formaður félagsins, Sveinn Guðmundsson verkfræðistudent í München kom fram fyrir hönd okkar gagnvart þýzku sýningarstjórninni og gagnvart þýzkum yfirvöldum og leysti hann það starf sitt af höndum með stakri þýði.

Hlaut gullverðlaun sýningarinnar

Þegar leið að lokum sýningarinnar og dómnefndir höfðu lokið mati og dómum um listfengi og handbragð hins mikla fjölda listiðnaðarmanna, er þátt höfðu tekið í sýningunni, fór fram afhending verðlauna með hátíðlegri athöfn, að viðstöddum ráðamönnum sýningarinnar, ráðherrum og öðrum fyrirmonnum.

Er veita skyldi gullverðlaunin, sem aðeins fáum hlotnast, var fulltrúi Íslands kallaður fram. Forsætisráðherra Bæjarlands, Holgner, tilkynnti þá Sveini Guðmundssyni, að samkvæmt úrskurði dómnefndar hafi frú Ásgerður Ester Búa-dóttir hlotið þessa miklu viðurkenningu. Afhenti hann þá fulltrúa Íslands tvö heiðurs skjöl og heiðursmerki úr gulli frá ríkisstjórn sinni til handa frú Ásgerði, sem viðurkenningu fyrir frábærlega fagurt og listrænt handofið veggklæði, er hún átti þar á sýningunni.

Meðal viðstaddra gesta í gær var dr. Kuhle sendiráðsfulltrúi, sem nú gegnir störfum sendiherra Þjóðverja hér á landi í fjarverju dr. Opplers. Það Lúdvíg Guðmundsson dr. Kuhle að flytja stjórnarvöldum í Bæjarlandi þakkar fyrir þá sæmd sem íslenzkum listiðnaði hefði verið sýnd á sýningunni í München. Sendifulltrúinn mælti að lokum nokkur orð, fór viðurkenningarorðum um störf Íslenzkrar listiðnar og kvaðst vona að enn frekari samskipti og samvinna tækist með Þjóðverjum og Íslendingum á sviði handiðnaðar.

Fyrir hvítasunnuna:

Enskar dragtir

Stór númer

MIKID ÚRVAL

MARKAÐURINN

Hafnarstræti 5

Þýzku poplín-frakkarnir

á börn og unglina eru komnir

VERZLUNIN **EROS** HAFNARSTRÆTI
Sími 3350

Ný sending:

Enskar dragtir

Mjög fjölbreytt úrval
Mikið í stórum númerum

GULLFOSS AÐALSTRÆTI

Íhaldið vill ekki skatt- leggja hernámsgróða

Neitaði að samþykkja að leggja útsvar á Sameinaða verktaka

Hermangróðafélagið Sameinaðir verktakar hefur verið útsvarsfrjálst. Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekkert á það lagt, á sama tíma og hinir tekjulægstu útsvarsgreiðendur hafa verið að sligast undir sinni byrði.

Síðast í gær hélt borgarstjóri Íhaldsins því fram að ekki væri leyfilegt að leggja útsvar á slíka heiðursmenn!

Eins og lesendum Þjóðviljans er kunnugt felldi Hæstiréttur nýlega dóm um það að Sameinaðir verktakar skyldu skattskyldir.

Það hefur lengi verið deilumál í bæjarstjórn Reykjavíkur hvort leggja ætti útsvar á Sameinaða verktaka. Undanfarin ár hefur ekkert útsvar verið lagt á félag þetta, samkvæmt þeim úrskurði niðurfjöfnunarnefndar að það væri ekki útsvarsskyldt þar sem starfsemi þess færi fram utan Reykjavíkur.

Á bæjarstjórnarfundum í gær flutti Þórður Björnsson svohljóðandi tillögu:

„Bæjarstjórn beinir því til niðurfjöfnunarnefndar að hún geri félagssamtökunum Sameinuðum verktökum hér í bæ að greiða útsvar til bæjarsjóðs af tekjum, eignum og veltu“.

Þórður rökstuddi tillöguna með því að þar sem Sameinaðir verktakar væru skattskyldir, samkvæmt dómi Hæstaréttar væru þeir einnig útsvarsskyldir. Röksemdin um að þeir væru það ekki vegna þess að starfsemi þeirra færi fram utanbæjar stæðist ekki, þar sem Reykjavíkurbær hefði lagt útsvar á byggingafélagið Stoð, vegna framkvæmda sem fram fóru við Laxá í Þingeyjarsýslu.

Ekki viðeigandi!

Gunnar Thoroddsen kvað ekki viðeigandi að segja niðurfjöfnunarnefnd fyrir verkum um útsvarsálagningu á Sameinaða verktaka. „Samkvæmt landslögum eiga niðurfjöfnunarnefndir að leggja á en ekki bæjarstjórnirnar og slíkt því ekki í verkahring bæjarstjórnar“, sagði hann. Kvað hann það mjög hæpið að bæjarstjórn gerði ályktanir um útsvör tiltekinna gjaldenda. Flutti hann eftirfarandi tillögu:

„Bæjarstjórn vísar tillögunni (Þórðar) til niðurfjöfnunarnefndar, til meðferðar í samræmi við lög og hagsmuni bæjarfélagsins“.

Kemur ekki annað til mála

Þórður ítrekaði fyrri rök sín nokkru ítarlegar, og skaut því að síðustu fram að rétt væri að skattleggja hermangara sérstaklega.

Borgarstjóri þykktist við og spurði: Hversvegna hefur þú ekki Eysteinn fjármálaráðherra flokksbróðir Þórðar gert það?!

Ingi R. Helgason kvað ekkiuð lengi hafa verið beðið niðurstöðu dómstóla um skattskyldu Sameinaðra verktaka. Nú lægi dómur Hæstaréttar fyrir og því kæmi ekki annað til mála en

leggja útsvar á Sameinaða verktaka.

Gunnar segir má ekki!

Borgarstjóri Íhaldsins kvað regimun á sköttum og útsvari. Allt sem inn kæmi af sköttum til ríkisins umfram áætlun væri hreinn gróði ríkissjóðs, en bæjarstjórnin væru bundnar af fjárhagsáætlun. Niðurfjöfnunarnefnd væri falið að leggja á vissa upphæð, og þegar það hefði verið gert væri bæjarstjórn bundin af þeirri áætlun!! Það er: þar sem vanrækt hefur verið að leggja útsvar á Sameinaða verktaka má ekki leiðrétta þá vanrækslu!! „Ég tel, eftir gildandi lögum(!) langsamlega eðlilegast að bæjarstjórn geri ekki ályktun um þetta!“ sagði Gunnar borgarstjóri.

Pylsusalinn sprakk!

Þeir Geir Hallgrímsson og Þorbjörn í Borg sátu mjög óværir undir þessum umræðum og þegar hér var komið gat Þorbjörn ekki þagað lengur en kallaði til Þórðar Björnssonar að niðurfjöfnunarnefnd þyrfti að athuga um byggingasamvinnufélögin og útsvarsskyldu þeirra.

Hvernig væri að fela niðurfjöfnunarnefnd að athuga um skattlagningu á pylsusöluna á Keflavíkurflugvelli? svaraði

Þórður. — Síðan þagði Þorbjörn.

Ingi R. Helgason gerði þá breytingartillögu við tillögu borgarstjóra, að tillögu Þórðar yrði vísað til niðurfjöfnunarnefndar til umsagnar, sem síðan yrði rædd í bæjarstjórn og þá tekin endanleg afstaða í málinu.

Íhaldið felldi þá tillögu með hjásetu. Með íhaldinu sat einnig Bárður Danielsson!! tillaga borgarstjóra var síðan samþykkt með 8 samhljóða atkvæðum.

Tvítugur málari opnar fyrstu sjálfstæðu sýninguna á verkum sínum

í Listamannaskálanum kl. hálfniú í kvöld

Í kvöld opnar rúmlega tvítugur málari, Hafsteinn Austmann, fyrstu sjálfstæðu sýningu sína í Listamannaskálanum. Sýnir hann þar um 70 myndir.

Hafsteinn Austmann er Austfirðingur, fæddur á Ljótsstöðum í Vopnafirði 1934. Ekki er Þjóðviljanum kunnugt um hvern hann fór fyrst að mála myndir, en fyrsta myndlistarnám sitt hóf hann hjá Þorvaldi Skúlasyni árið 1951. Veturinn 1952—1954 var hann í Handíða- og myndlistarskólanum, en að því námi loknu fór hann til Parísar og dvaldist þar um árs skeið.

Hafsteinn Austmann hefur raunar sýnt myndir áður, en þá á samsýningum; hefur hann t.d. tekið þátt í samsýningu í París, samsýningu í Listamannaskálanum og haustsýningunni á sl. hausti. — Leik-

ÞJÓÐVILJINN

Föstudagur 18. maí 1956 — 21. árgangur — 111. tölublað



Hafsteinn Austmann. Til hægri við hann er höggmynd úr tré en á bak við hana eitt af málverkunum á sýningu hans í Listamannaskálanum. (Ljósmyndast. Sig. Guðm.)

Systur Maríu hjá Leikfélagi Reykjavíkur.

Á sýningu hans í Listamannaskálanum eru um 70 myndir, flest olíumálverk og vatnslitamyndir, ennfremur nokkrar tréskurðarmyndir.

Sýningin verður opnuð kl. 8.30 í kvöld og verður opin ca. 10 daga frá kl. 1 til 11 e.h. dag að hann málaði leiktjöldin í hvern.

Þjóðvörn vill refsa húsnæðislausum!

Fulltrúi Þjóðvarnarflokksins flutti á bæjarstjórnarfundum í gær tillögu um að refsa fólki fyrir húsnæðisleysi, með þeim hætti að veita þeim sem hlotnast hefur náð bæjarstjórnaríhaldsins lóðaleyfi, — en neita hinum!!

Framfarafélag Breiðholts hverfis, en í því eru flestir íbúar í svonefndri Blesugróf, hefur skrifað bæjarráði og óskað eftir lóðarréttindum undir húsnæðismanna. Án lóðarréttinda fást ekki lán út á húsin og þau eru réttlaus.

Þórður Björnsson lagði til að orðið yrði við þeim tilmælum. Borgarstjóri svaraði því engu, en þá stóð upp Bárður Danielsson fulltrúi Þjóðvarnarflokksins og kvað ótækt að verðlauna menn fyrir það að byggja í óleyfi með því að láta þá fá lóðarréttindi.

Mótmælti eindregið Einar Ögmundsson fulltrúi sósíalista mótmælti þessari afstöðu Bárðar eindregið, því flestir eða allir hefðu byggt þarna út úr neyð sökum húsnæðisleysis og það væri ógerningur að fara að draga þá í dílka eftir því hvort þeir hefðu byggt í óleyfi eða ekki, — en nokkrir menn hafa fengið lóðarleyfi hjá Íhaldinu, en engin lóðarréttindi.

Íhaldið lagði til að vísa tillögu Þórðar til bæjarráðs og var haft nafnakall.

Neituðu um réttindi Þessir Íhaldsmenn vildu neita Breiðhyltingum um lóðarréttindi:

Geir Hallgrímsson.


Auður Auðuns,
Gunnar Thoroddsen,
Framhald á 10. síðu

Ríkisstjórnin sveik ...

Framhald af 1. síðu.

★ Leynilegt samkomulag hernámsflokka

Þau vinnubrögð ríkisstjórnarinnar að svíkjast um að framkvæma fyrirmæli Alþingis eru stóratyglisverð. Á þeim er engin önnur skýring en sú að þarna sé um að ræða leynilegt samkomulag Íhalds og Framsóknar, samkomulag sem Alþýðuflokkurinn er þá auðvitað aðili að líka. Og ástæðan getur ekki verið önnur en sú, að ætlunin sé að fresta því að senda tilkynningarnar þar til eftir kosningar í von um að þá verði hægt að hætta algerlega við málið. Á sama tíma hnakkirífast svo Morgunblaðið og Tíminn um hernámsmálin og þykjast vera mjög á öndverðum meiði! Er hér um að ræða eitt síðlausasta svikabrall sem um getur í íslenskri stjórnmála- og eru þau þó mörg öfögur í sambandi við hernámsmálin. Eða-hverja skýringu aðra vill Tíminn gefa á þessum vinnubrögðum?



Stúlka með fugl, verðlaunaklæði Ásgerður E. Búadóttir. (Sjá frétt á 3. síðu)

Vinum að sigri Alþýðubandalagsins — eflum kosningasjóðinn